

Nr. 18-131 S 086 Krókur SH 97***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6166
Smíðaður: Hafnarfirði 1980, plast
Útgerð: Fiskverkunin Björg ehf
Stærð: 5,2 brl. 5,4 bt.
Mesta lengd: 8,5 m *Skráð lengd:* 8,4 m
Breidd: 2,48 m *Dýpt:* 1,32 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 1



Krókur©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júlí 2018 var strandveiðibáturinn Krókur SH 97 á siglingu út frá Ólafsvík. Veður: Breytileg 4-9 m/s.

Eftir u.þ.b. klukkustunda siglingu bilaði hældrifið og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Björg dró bátinn til Rifshafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að hældrifið, sem var orðið gamalt, brotnaði og var dæmt ónýtt;
- að báturinn var í fyrsta róðri eftir vélaskipti en sett var eins vél og hafði verið áður.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.